

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *32.Fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 9. febrúar 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Gjaldskrárhloti álagningarreglna fasteigna- og þjónustugjalda 2012, seinni umræða.
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.
4. Gjaldskrár hitaveitu, seinni umræða.
5. Erindi frá Rarik dags. 20. janúar.
6. Erindi frá Skólahreysti, styrkumsókn.
7. Erindi frá Landgræðslunni, ósk um styrk v/samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
8. Bréf Ólafar Hallgrímsdóttur v/sumarlokunar leikskóla.
9. Erindi frá Jóni Benediktssyni f.h. BSSP, ósk um endurskoðun á verðlagsákvæðum samnings um búfjáreftirlit.
10. Ráðning forstöðumanns áhaldahúss.
11. Fundargerð Skólanefndar dags. 6. feb.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Umhverfissráðuneytisins til Náttúrustofu Norðausturlands dags. 12. jan.
Afrit af bréfi Náttúrustofu Norðausturlands til Umhverfissráðuneytisins dags. 25. jan.
Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 25. jan.
Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 27. jan.
Náttúruskoðun á Mývatni.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 10 og 11 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Gjaldskrárhloti álagningarreglna fasteigna- og þjónustugjalda 2012, seinni umræða.

Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2012.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2012. Gjaldalagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2012, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.460.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.440.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.460.000- til kr. 2.830.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.440.000- til kr. 3.840.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.830.000- til kr. 3.290.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.840.000- til kr. 4.580.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2012 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

Sorphirðugjöld:

A.) Íbúðir

Sorphirðugjald kr. 31.500- á íbúð

B.) Fyrirtæki.

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur a) kr.	31.500-
b) kr.	86.600-
c) kr.	157.900-
d) kr.	289.700-
e) kr.	565.200-
f) kr.	857.100-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfissgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2012, sem heimilt er samkv. lögum.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að afla henni staðfestingar.

3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.

Þriggja ára fjárhagsáætlunin rædd. Gert er ráð fyrir að rekstur samstæðunnar árin 2013 og 2014 verði rétt fyrir ofan núllið en að samstæðan skili tæplega þriggja milljóna kr. afgangi árið 2015. Inní þessari áætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum við hitaveitu og gatnagerð, 35 millj. á ári.

Samþykkt samhljóða.

Jafnframt er samþykkt að hefja nú þegar vinnu við næstu þriggja ára áætlun.

4. Gjaldskrár hitaveitu, seinni umræða.

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituað og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 129,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 104,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 78,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” kr. 1.122,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ kr. 2.261,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri kr. 4.505,-

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæla álestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.023,-

Gjaldnagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400 – 2000 m³:

Fyrir 400 m ³	kr.	207.257,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m ³	kr.	180,-
Hús stærri en 2000 m ³	kr.	494.555,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m ³	kr.	144,-
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.		
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	kr.	27.522,-

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk

kr.	2.046,-
-----	---------

í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 4. mars 2011.

Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps við tvær umræður, þ.e. 26. janúar og 9. febrúar 2012.

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituað og dreifikerfi veitunnar í Birkilandi við Voga samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- d) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 129,-
- e) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 104,-
- f) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 78,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka ef vatnshiti breytist.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” kr. 1.122,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ kr. 2.261,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri kr. 4.505,-

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæla álestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald, kr. 1.023,-.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimæð	kr.	429.390,-
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	kr.	27.522,-

Lóðarhafar greiða auk heimædagjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk

.....	kr.	2.046,-
-------	-----	---------

í hvert skipti.

7. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 4. mars 2011.

Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps við tvær umræður, þ.e. 26. janúar og 9. febrúar 2012.

Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að afla þeim staðfestingar.

5. Erindi frá Rarik dags. 20. janúar.

Með bréfi óskar Rarik eftir viðræðum við sveitarfélagið sem veghaldara í þéttbýli að yfirtaka rekstur götuljósa.

Samþykkt að verða við erindinu.

6. Erindi frá Skólahreysti, styrkumsókn.

Með bréfi óska forsvarsmenn Skólahreysti eftir 50. þús. kr. styrk frá sveitarfélaginu vegna Skólahreysti 2012. Í bréfinu kemur fram að í ár eru 122 skólar skráðir til keppninnar og að um 4000 nemendur stundi æfingar.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

7. Erindi frá Landgræðslunni, ósk um styrk v/samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.

Með bréfi er óskað eftir 330. þús. kr. styrk frá sveitarfélaginu við verkefnið Bændur græða landið. Landgræðslan hefur átt samstarf við bændur um allt land um uppgræðslu á gróðursnaudum svæðum í heimalöndum þeirra. Í Skútustaðahreppi eru nú skráði 17 þátttakendur í verkefninu.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

8. Bréf Ólafar Hallgrímsdóttur v/sumarlokunar leikskóla.

Með bréfinu er harðlega mótmælt fyrirætlan sveitarfélagsins að loka leikskólanum í fjórar vikur í sumar. Þá er þess getið að lokun af þessu tagi er verulega hamlandi á háannatíma ferðarþjónustunnar og hindrar fyrirtæki í að ráða hæft fólk til starfa.

Oddviti upplýsti að hún hefði haft samband við tíu leikskóla til að kanna sumarlokunir. Allir leikskólarnir hafa lokað í 4-6 vikur yfir sumartímann. Þá vill oddviti vekja athygli á því að nú þegar hefur verið bætt töluvert í rekstur leikskólans m.a. með því að bæta aðstöðu og taka inn yngri börn, auk þess sem sumarlokun var stytta um eina viku frá fyrra ári.

Pétur leggur til að sveitarstjóra, formanni skólanefndar og leikskólastjóra verði falið að leita leiða til að leysa bráðavanda við vistun leikskólabarna vegna sumarlokunar í sumar. Jafnframt að gera tillögu um breytt fyrirkomulag á starfsemi leikskólans á sumartíma.

Samþykkt samhljóða.

9. Erindi frá Jóni Benediktssyni f.h. BSSP, ósk um endurskoðun á verðlagsákvæðum samnings um búfjáreffirlit.

Vegna m.a. hækkunar á launum og aksturskostnaði búfjárefirlitsmanns er óskað eftir viðræðum við sveitarfélögin Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepps um endurskoðun verðlagsákvæðis samnings um búfjárefirlit. Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

10. Ráðning forstöðumanns áhaldahúss

Auglýst var laust til umsóknar starf forstöðumanns áhaldahúss og veitna. Tvær umsóknir bárust.

Samþykkt að ráða Lárus Björnsson til starfans. Sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningunni.

11. Fundargerð Skólanefndar dagsett 6. febrúar.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er farið yfir starfsemi skólans á vorönn 2012. Þá greinir skólastjóri frá því að nemendafjöldi skólaárið 2012-2013 verði um 40 börn.

Í þriðja lið eru málefni leikskólans til umfjöllunar. Nú eru 18 börn í leikskólanum og 2 á biðlista. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að stefna að því að leikskólinn verði opinn allt árið 2013.

Annar, fjórði og fimmti liður fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við. Varðandi þriðja liðinn vísar sveitarstjórn í bókun á 8. lið á dagskrá þessa sveitarstjórnarfundar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Pétur Snæbjörnsson.